

182. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 12. júní 2023 kl. 16:00-18.00.

Mætt: Auður Kjartansdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Trausti Gylfason.

Dagskrá

1. Málefni Hvals hf.

a. Erindi Kristjáns Lofssonar f.h. Hvals hf. - Beiðni um endurupptöku máls.

Lagt fram bréf Kristjáns Lofssonar fyrir hönd Hvals hf. dagsett 26. maí 2023 þar sem óskað er eftir endurupptöku máls og að leyfi Hvals verði framlengt til 12. júlí 2023 líkt og heimild sé í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Einar Farestveit lögmaður kom á fundinn og fór yfir málið.

Málinu er frestað til næsta fundar sem verður haldinn miðvikudag 14. júní 2023.

b. Athugasemdir við auglýst starfsleyfi Hvals hf.

Athugasemdir sem bárust við auglýst starfsleyfi Hvals hf. voru lagðar fram og kynntar. Alls bárust 35 athugasemdir við starfsleyfi Hvals, þar af 3 eftir að frestur rann út.

c. Lagt fram afrit af bréfi Umhverfis- orku- og lofslagsráðuneytis dagsett 12. júní 2023 þar sem vísað er frá máli er varðar undanþágubeiðni Hvals hf. frá starfsleyfi.

2. Skilgreining á síður viðkvæmum viðtaka – Akranes

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Akraneskaupstaðar dagsett 10. maí 2023 þar sem fram kemur að ráðast skuli í frekari vöktun á gæðapáttum í viðtaka í ár og stofnunin mun meta á grundvelli þeirra gagna hvort viðtakinn sé síður viðkvæmur eða ekki.

3. Umsagnir til sýslumanns

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

3.1 Umsókn Birnu Kristínu Baldursdóttir f.h. Mökkur ehf. dagsett 2. maí 2023 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús án veitinga í tveimur frístundahúsum í landi Eskiholts II í Borgarbyggð. Hámarksfjöldi gesta 8 manns.

Jákvæð umsögn send 15. maí 2023.

- 3.2 Umsókn Ástu Karen Helgadóttur f.h. Fjúkandi Hjólbörur um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistað í flokki II, að Narfaseli, Hvalfjarðarsveit. Hámarksfjöldi gesta 10 manns. Jákvæð umsögn send 16. maí 2023.
- 3.3 Umsókn Huldu Óskar Guðbjörnsdóttur f.h. Lighthouse Restaurant ehf. um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki IIA – veitingahús að Kirkjubraut 8-10 á Akranesi. Hámarksfjöldi gesta er 100 manns. Jákvæð umsögn send 24. maí 2023.
- 3.4 Umsókn frá Rut Ragnarsdóttir um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingarstað „Útgerðin“ í flokki II, Krá að Klettsbúð 7 Hellissandi. Hámarksfjöldi gesta er 20. manns. Jákvæð umsögn send 15. maí 2023.
- 3.5 Umsókn frá Ferðafélagi Hreiðarvinir um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistað í flokki II að Holtabyggð 2b, Borgarbyggð. Neikvæð umsögn þar sem starfsemin er ekki í samræmi við gildandi skipulag sbr. tölvubréf skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar dagsett 7. júní 2023.

Lagt fram.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 3.6 Umsókn Leikjadeildar UMF Skallagríms um tækifærisveitingaleyfi til áfengisveitinga vegna tónleika með Bjartmari Guðlaugssyni sem halda á í Félagsheimilinu Lyngbrekku Borgarbyggð þann 3. júní 2023. Jákvæð umsögn send 12. maí 2023.

Lagt fram.

3. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Borgarbyggð

- 4.1 Erindi skipulags- og umhverfisfulltrúa Borgarbyggðar, dagsett 15. maí 2023 þar sem óskað er umsagnar vegna skipulagslýsingar fyrir Galtarholt 3, Borgarnesi Umsögn veitt 23. maí 2023.

Skipulagsstofnun

- 4.2 Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun dagsett 26. maí 2023 vegna vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Suðurgötu 22 Akranesi. Umsögn veitt 26. maí 2023.
- 4.3 Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun dags 26. apríl 2023 vegna könnunar á fyrirhuguðum framkvæmdum á Klofningsvegi, vegnúmer 590. Umsögn send þann 26. maí 2023.
- 4.4 Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun dagsett 4. maí 2023 þar sem óskað er umsagnar um tilraunframléiðslu á vistvænum orkugjöfum á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Umsögn send þann 6. júní.

Grundarfjarðarbær

- 4.5 Umsagnarbeiðni dagsett 19. maí 2023 um tillögu að breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár. Umsögn send þann 8. júní 2023.

Lagt fram.

4. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

- 5.1 Ungmennafélagið Ólafur Pá sækir um nýtt leyfi fyrir litla líkamsræktarstöð. að Stekkjarhvammi 11, Búðardal. Leyfið var gefið út þann 5. júní og gildir í 12. ár.
- 5.2 Ragnheiður Guðmundsdóttir sækir um nýtt leyfi fyrir minna gistiheimili að Munaðarhóli 25-27 Hellissandi. Leyfið var gefið út 31. maí 2023 og gildir í 12 ár.
- 5.3 Sveitarfélagið Stykkishólmur sækir um nýtt starfsleyfi fyrir leikskólann í Stykkishólmi Búðarnesvegi 2. Leyfið var gefið út 26. maí 2023 og gildir í 12 ár.
- 5.4 Samkaup hf. sækja um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Nettó Borgarnesi Borgarbraut 58-60. Leyfið var gefið 26. maí 2023 og er ótímabundið.
- 5.5 Hótel Húsafell ehf. sækir um starfsleyfi fyrir baðstað í náttúrunni, afþreyingarlaug í flokki I ásamt opnu leiksvæði. Leyfið var gefið út 22. maí og gildir í 12. ár.
- 5.6 Blómsturvellir slf. sækir um handhafabreytingu á starfsleyfi vegna nýs rekstraraðila vegna söluskála og veitingastað að Ólafsbraut 27, Ólafsvík. Upphaflegt leyfi var gefið út 9. desember 2020 og gildir í 12. ár.
- 5.7 Fjúkandi hjólbörur ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili og vatnveitu. Leyfið var gefið út 16. maí 2023 og gildir í 12 ár.
- 5.8 RR 03 ehf. sækir um starfsleyfi fyrir markað og krá að Naustabúð 15, Hellissandi. Leyfi var gefið út þann 9. maí 2023 og er ótímabundið.
- 5.9 Reykjabúið sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir alifuglabú Fögrubrekku, Hvalfjarðarsveit. Leyfið var gefið út 5. maí 2023 og gildir í 12 ár.

Lagt fram.

6. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Lárus Ársælsson sækir um skráningu fyrir niðurrifi á Dalbraut 8, Akranesi. Auðkennisnúmer skráningar er 16102.

7. Tóbakssöluleyfi

Blómsturvellir slf. sækja um nýtt tóbakssöluleyfi vegna söluskála og veitingastað að Ólafsbraut 27, Ólafsvík. Leyfið gildir frá 16. maí 2023 í 4 ár.

8. Undanþágur frá reglugerð um sund- og baðstaði

Aldís Ýr Ólafsdóttir f.h. Sundlaugarinnar að Hlöðum Hvalfjarðarsveit sækir um undanþágu vegna laugargæslu í Sundlauginni að Hlöðum.

Undanþága vegna fjölda starfsmanna í laugargæslu var veitt þann 26. maí 2023 til 15. september 2023.

Áætlað að fundi verði slitið kl. 17.15